

STARFSSKÝRSLA 2016

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR

TIL UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐHERRA



Þang á Breiðafirði

Mynd: Róbert A. Stefánsson

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðsetur Breiðafjarðarnefndar	2
Skipan Breiðafjarðarnefndar	2
Fundir Breiðafjarðarnefndar	3
Kostnaður við störf nefndarinnar	3
Starfsemi á árinu 2016	5
Umsögn um erindi.....	5
Skref í átt að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsarsamningsins	5
Áframhaldandi vinna við að hvetja til sameiginlegs svæðisskipulags.....	6
Áform um aukna þörungatekju úr Breiðafirði	6
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).....	6
Fornminjaskráningar	6
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	6
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar	7
Saga Breiðafjarðar.....	7
Vettvangsferð.....	7
Önnur mál	7
Viðaukar	9
VIÐAUKI – I	10
VIÐAUKI – II	23
VIÐAUKI – III	27

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Allt frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa orðið nokkrar breytingar á lögnum en þau eru jafnóðum uppfærð á heimasíðu Alþingis, sbr <https://www.althingi.is/lagas/146a/1995054.html>.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Hlutverk Breiðafjarðarnefndar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna og skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: [Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð], 2)

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. [Ráðherra] skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nefnd ársins 2016 var skipuð af ráðherra þann 10. október 2012.

Eftirfarandi fulltrúar sátu í Breiðafjarðarnefnd árið 2016:

- Halla S. Steinólfsdóttir bóndi, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir landfræðingur.
- Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Þórólfur Halldórsson sýslumaður.
- Eiríkur Snæbjörnsson bóndi, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Signý Magnfríður Jónsdóttir bóndi.
- Sigurður Þórólfsson bóndi, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Huguín Hjartardóttir bókavörður.
- Erla Friðriksdóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Ásgeir Gunnar Jónsson byggingameistari.
- Trausti Baldursson forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Róbert A. Stefánsson forstöðumaður.

- Magnús A. Sigurðsson minjavörður, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur.

Theódóra Matthíasdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands gengdi starfi ritara Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2016 í 25% starfshlutfalli.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt sjö nefndarfundi á árinu 2016 og voru sex þeirra haldnir í Stykkishólmi en einn fundur í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands í Garðabæ. Í samræmi við fjögurra ára skipunartíma hefði átt að skipa í nýja nefnd á haustmánuðum 2016 en tafðist það sökum Alþingiskosninga og ráðherraskipta. Þið eftir skipan nýrrar nefndar olli því að nefndarstörf voru í lágmarki á síðasta fjórðungi ársins 2016 og fram á árið 2017.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu Halla Sigríður Steinólfsdóttir formaður og Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, með fulltrúum Náttúrustofu Vesturlands þann 25. maí vegna erindis frá Náttúrustofu Vesturlands um „Eflingu verndar Breiðafjarðar“. Þá var meðal annars rædd tillaga Náttúrustofu Vesturlands um framkvæmdastjóra Breiðafjarðarnefndar. Formaður og varaformaður funduðu einnig með Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra þann 8. júní og kynntu henni starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2015 og ályktanir nefndarinnar varðandi aukna þang- og þaratekju á Breiðafirði. Nefndin nýtti einnig vettvangsferð sína, sem farin var um norðanvert Snæfellsnes þann 5. ágúst, til fundahalda með fulltrúum sveitarstjórna í Grundarfirði og Snæfellsbæ og framkvæmdastýru Svæðisgarðs Snæfellinga. Þá var helst rætt um mögulega stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar, aukið samstarf nefndarinnar við Svæðisgarð Snæfellinga og Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, sem og tilnefningu svæðisins á lista Ramsar.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2016 námu 9,2 millj. kr. Þar sem nefndarstörf voru í lágmarki síðastu mánuði ársins 2016 átti nefndin 4.403.033 milljónir króna afgangs við loks árs en þeim hafði þó að mestu verið ráðstafað í ákveðin verkefni sem lokið verður árið 2017. Hlaut nefndin samþykki fyrir því að nýta þessa fjármuni árið 2017 svo hægt væri að standa við fyrri skuldbindingar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2016


Fjárheimild ársins 2016	9.200.000	
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2015		231.120
Launatengd gjöld v. nefndalauna 2015		35.793
Akstur, bílaleigubílar, gistirými og dagpeningar		1.371.540
Annar kostnaður vegna funda		71.140
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		2.739.703
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		28.357
Auglýsingar		20.249
Vextir, bætur, skattar		12.527
Opinber gjöld		62.538
Vettvangsferð:		
Rúta		224.000
Alls		4.796.967

Eftirstöðvar sem flytjast yfir á næsta ár

-4.403.033

Eins og sjá má á myndinni hérna að neðan hefur ríkisframlag til Breiðafjarðarnefndar lækkað hlutfallslega um 42% á árabílinu 2003-2016.

Fjárveitingar til verndar Breiðafjarðar á núvirði (2016)



Starfsemi á árinu 2016

Umsögn um erindi

Á árinu 2016 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I](#). Listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II](#).

Nefndin sinnti ýmsum verkefnum af verndaráætlun Breiðafjarðar og hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu verkefni og erindi sem nefndin fjallaði um á árinu.

Skref í átt að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsarsamningsins

Í verndaráætlun Breiðafjarðar segir meðal annars „*unnið verður að stækkun verndarsvæðisins í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og sveitarfélögin við Breiðafjörð*“. Í takt við þau áform sendi Breiðafjarðarnefnd, í apríl 2016, sveitarfélögum sem liggja að Breiðafirði bréf og kynnti áform sín um að óska eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að setja Breiðafjörð á lista yfir Ramsarsvæði og óskaði eftir umsögn og athugasemdum. Svör bárust frá Vesturbyggð, Dalabyggð, Reykhólahrepp og Stykkishólmsbæ. Sveitarstjórnir voru almennt jákvæðar gagnvart áformum nefndarinnar en óskuðu eftir frekari kynningu á því hvaða tækifæri og hvaða kvaðir tilnefningin hefði í för með sér.

Áframhaldandi vinna við að hvetja til sameiginlegs svæðisskipulags.

Í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð segir: „Breiðafjarðarnefnd mun vinna að því að verndarsvæði Breiðafjarðar verði skipulagt sem ein heild, þ.e. á grundvelli svæðisskipulagsgerðar.“ Breiðafjarðarnefnd hafði efnt til sameiginlegs fundar með fulltrúum sveitarfélaga við fjörðinn á haustmánuðum 2015. Árið 2016 fylgdi nefndin þeirri vinnu eftir og kallaði eftir formlegri afstöðu sveitarfélaganna við fjörðinn um sameiginlegt svæðisskipulag. Sveitarfélögin voru almennt jákvæð fyrir verkefninu en sáu sér fæst fært í að ráðast í slíkt verkefni án þess að það væri að fullu kostað fyrir þau.

Áform um aukna þörungatekju úr Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd sendi atvinnuvegaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra bréf ásamt greinargerð þar sem nefndin hvatti til þess að ráðherrar beittu sér fyrir því að gerðar yrðu rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar áður en heimilað yrði að auka þang- og þaratekju á firðinu. Auk þess að útbúin yrði rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir lykilþætti í vistkerfi Breiðafjarðar til þess að nema möguleg áhrif af þörungavinnslu í firðinum. Auk þessa voru ráðherrarnir hvattir til þess að beita sér fyrir breytingum á lögum um mat á umhverfisáhrifum, þannig að ótvírætt sé að meta hvort þang- og þaratekja sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Samhliða því að hvetja til þess að varúðar yrði gætt varðandi aukna þörungatekju úr Breiðafirði fylgdist Breiðafjarðarnefnd grannnt með gerð frumvarps til laga um breytingu á lögu um umgengni um nytjastofna sjávar og sendi inn athugasemdir á ýmsum stigum málsins.

Fornminjaskráningar

Á fundi nefndarinnar þann 28. apríl kynnti Birna Lárusdóttir, fyrir hönd Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna, verkefni sem nefndin hafði styrkt. Verkefnið snéri að fornleifaskráningu í Flatey og var skráningum lokið og vinnsla skýrslunnar á lokastigi. Hugmyndir voru uppi um áframhaldandi vinnu þessu tengdri, gerð fornleifa- og göngukorts fyrir eyjuna og lýsti nefndin yfir áhuga á samstarfi hvað það varðar. Skráningarskýrsuna er að finna á heimasíðu Fornleifastofnunar Íslands.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður - Náttúra og saga“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds af ferðaþjónustuaðilum við Breiðafjörð. Einnig eru bæklingarnir aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Nefndin hélt áfram vinnu við undirbúning á útgáfu bæklinga um hlunnindanýtingu Breiðafjarðarsvæðinu. Auk þess sem drög voru lögð að gerð öryggis- og umgengnibæklinga fyrir verndarsvæðið, en hann verður í sama broti og aðrir bæklingar sem nefndin hefur gefið út.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð auk annarra skýrsla sem nefndin hefur styrkt og sem tengjast náttúru og menningu Breiðafjarðar.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Breiðafjarðarnefnd samþykkti í lok árs 2015 að endurnýja heimasíðu nefndarinnar og tengja hana við helstu samfélagsmiðla. Gerður var samningur við Anok margmiðlun í Stykkishólmi um að sjá um verkið og lauk því síðla árs 2016 og hefur síðan verið í stöðugri uppfærslu síðan þá.

Saga Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur veitt styrki til Sverris Jakobssonar og Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands til ritunar á sögu Breiðafjarðar. Seinni part ársins 2015 kom út *Saga Breiðfirðinga I, Fólk og rými frá landnámi til plágunnar miklu*. Þann 26. mars 2016 styrkti Breiðafjarðarnefnd, í samstarfi við Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla, Sverri til þess að halda erindi um innihald þessa fyrsta bindis. Erindið fór fram í Norska húsinu í Stykkishólmi og var vel sótt.

Vettvangsferð

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar var farin föstudaginn 5. ágúst 2016. Að þessu sinni var ferðin farin um norðanvert Snæfellsnes, meðal annars með stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar í huga. Tíminn var nýttur til þess að funda með fulltrúum sveitarstjórna í Grundarfirði og Snæfellsbæ og Ragnhildi Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Svæðisgarðs Snæfellsness auk þess sem gestastofa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Malarriði var heimsótt. Nefndin varð almennt vör við miklar áhyggjur fulltrúa sveitarfélaganna beggja vegna áforma um aukna þang- og þaratekju úr firðinum. Kröfðust fulltrúar frekari rannsókna á lífríki fjarðarins áður en frekari nýting yrði ákveðin. Fulltrúar beggja sveitarstjórna voru jákvæðir fyrir tilnefningu svæðisins á lista Ramsar en óskuðu þó eftir frekari upplýsingum um hvað það fæli í sér. Nefndin þakkar fulltrúum fyrir góðar móttökur og áhugaverðar samræður við þá aðila sem hún hitti.

Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni þrír viðaukar.

[Viðauki – I:](#) *Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar*

[Viðauki – II:](#) *Yfirlit yfir innsend og útsend erindi*

[Viðauki – III:](#) *Skýrslur og bæklingar*

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2016 verða þær að sjálfsögðu veittar.

f.h. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir

formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2016

150. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. febrúar 2016 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson (ÁGJ), Eiríkur Snæbjörnsson (ES), Magnús A. Sigurðsson (MAS), Sigurður Þórólfsson (SÞ) og Trausti Baldursson (TB).

Guðríður Þorvarðardóttir og Arnheiður Jónsdóttir forfölluðust.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 149. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Fjármál nefndarinnar - staða

Yfirlit yfir fjármál árisins 2015 og drög að fjárhagsáætlun 2016 lögð fram.

Afgreiðsla: Yfirfarið og samþykkt.

Verndar- og nýtingaráætlun – hvað skal gera í ár?

Listi yfir verkefni verndar- og nýtingaráætlunar 2014-2019 lagður fram.

Afgreiðsla:

Farið yfir hvaða verkefni verið er að vinna nú þegar og í hver skuli ráðast árið 2016. Samþykkt að TM taki verkefnin saman í læsilegra skjal fyrir næsta fund þar sem áréttað er hvaða verkefni eru í vinnslu, hver eru næst á dagskrá og með hver skuli bíða fram á næstu misseri.

Starfsskýrsla 2015

TM gerir grein fyrir stöðu starfsskýrslu sem er í vinnslu. Stefnt er að því að hún verði tilbúin fyrir næsta fund.

Þang- og þaratekja á Breiðafirði – næstu skref

Bréf nefndarinnar til ráðuneyta

Farið yfir bréf formanns Breiðafjarðarnefndar sem sent verður til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Þar eru ráðuneytin hvött til þess að beita sér fyrir frekari rannsóknum áður en heimilað verður að auka þang- og þaratekju í Breiðafirði, að skoða og leggja fram tillögur um breytingar á lögum og að beita sér fyrir breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum þannig að þau eigi við um þang- og þaratekju.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ritari sendi bréfin eftir fundinn.

Drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum á sviði sjávarútvegs

Í erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var Breiðafjarðarnefnd hvött til þess að fara yfir frumvarpsdrögin og veita umsögn um erindið.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir nokkrar athugasemdir við frumvarpsdrögin:

Athugasemdir Breiðafjarðarnefndar við drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og nr. 74/2012 um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni 2016-2019).

1. Breiðafjarðarnefnd telur nauðsynlegt að meðfli sé skráður við öflun sjávargróðurs til að fá upplýsingar um áhrif sem öflun sjávargróðurs hefur á aðrar lífverur.
2. Breiðafjarðarnefnd telur það ekki sjálfgæfið að öflun sjávargróðurs eigi að falla alfarið undir lög um stjórn fiskveiða. Í fyrsta lagi má benda á að í 27. gr. laga um náttúruvernd nr. 13/2015, *Tínsla berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs. segir:*
 - ☐ Í þjóðlendum er öllum heimilt að tína ber, sveppi, fjallagrös og jurtir og einnig skeldýr og sól, þang, þara og annan fjörugróður í fjörum.
 - ☐ Í eignarlöndum er tínsla berja, sveppa, fjallagrasa, jurta, skeldýra og fjörugróðurs háð leyfi eiganda lands eða rétthafa. Þó er mönnum heimilt að tína til neyslu á vettvangi.
 - ☐ Heimildir skv. 1. og 2. mgr. ná ekki til jurta í A- og B-hluta náttúruminjaskrár.
 - ☐ [Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta **og fjörugróðurs í atvinnuskyni**, m.a. reglur um sjálfbæra nýtingu, og að tilkynna skuli Náttúrufræðistofnun Íslands um magn og tegund þess sem tínt er og tínslustað. Umhverfisstofnun er heimilt að banna eða takmarka tínslu einstakra tegunda eða tínslu á afmörkuðum svæðum ef það er nauðsynlegt vegna verndunar einstakra tegunda eða til að koma í veg fyrir ofnýtingu svæða. Ákvarðanir um bann eða takmarkanir á tínslu einstakra tegunda eða tínslu á afmörkuðum svæðum skulu háðar staðfestingu ráðherra og skulu birtar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Það er augljóst skv. þessari grein náttúruverndarlaga að sjávargróður er hluti af framkvæmd laganna og það er eðlilegt að það komi fram í lögum sem fjalla um leyfisveitingar um sjávargróður. Rétt er að benda á að t.d. þang er alfarið innan netlaga og þari er það víða.
3. Í fjórðu grein segir að Hafrannsóknastofnun skuli stunda rannsóknir á sjávargróðri og vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Með vísan í lög um vernd Breiðafjarðar og framangreinda grein laga um náttúruvernd og hlutverk Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar er það alls ekki eðlilegt að Hafrannsóknastofnun sé ein með þetta ráðgjafahlutverk. Í fyrsta lagi hefur t.d. Náttúrufræðistofnun verið að kortleggja fjörur landsins undanfarin ár og flokka þær í vistgerðir sem síðan eru grunnur að nýtingu og vernd. Einnig skal tilkynna Náttúrufræðistofnun um magn og tegund þess sem tínt/aflað er. Slíkar upplýsingar eru gagnslausar ef þær eru ekki nýttar til að meta þau áhrif sem öflunin getur haft á annað lífríki fjarðarins. Í öðru lagi hefur öflun sjávargróðurs vafalaust áhrif á fjölda dýrategunda og því eiga rannsóknir ekki einungis að miða við vaxtarhraða sjávargróðurs. Að baki ákvörðunum um „stórfellda“ nýtingu/öflun á sjávargróðri þurfa því að liggja fjölpættar vistfræðirannsóknir sem fylgt er eftir með vöktun á breytingum/áhrifum á vistkerfi fjarðarins.
4. Breiðafjarðarnefnd telur að mörgu leyti eðlilegra að leyfisveiting á öflun sjávargróðurs sé í höndum Umhverfisstofnunar en ekki Fiskistofu því Umhverfisstofnun hefur heimild til að banna tínslu/öflun sjávargróðurs skv. lögum um náttúruvernd. Þetta stangast einnig á við 2. gr. í uppkasti að reglugerð en þar er það Fiskistofa ein sem getur fella úr gildi leyfi til öflunar á sjávargróðri.
5. Breiðafjarðarnefnd gerir athugasemd við að í frumvarpsdrögunum er ekki minnst á lög um vernd Breiðafjarðar, nema í greinargerð, né heldur lög um náttúruvernd. Rétt er að benda á að stærsti hluti þess svæðis þar sem hægt er að afla þangs og þara í Breiðafirði fellur undir lög um vernd Breiðafjarðar.
6. Í frumvarpsdrögunum koma hvergi fram meginsjónarmið er lúta að vernd t.d. vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sjálfbærrar nýtingar o.s.frv. Engin viðmið eru sett um á hvaða forsendum megi veita leyfi til öflunar á sjávargróðri í frumvarpsdrögunum. Í uppkasti að reglugerð eru sett nokkur viðmið en þau miðast eingöngu við vöxt en ekki vistfræðilega nálgun.

7. Í greinargerð er tæpt á rannsóknnum (Hafrannsóknastofnunar) og vöktun án þess að nokkuð sé fast í hendi um hvað skuli rannsakað og hvernig rannsóknirnar fari fram að öðru leyti en því að þær skuli stunda á næstu þremur árum og þá liggi fyrir niðurstöður um lífmassa og vaxtarhraða. Um aðra þætti s.s. áhrif á annað lífríki er ekki fjallað í frumvarpsdrögunum. Ekki er gert ráð fyrir rannsóknnum áður en nýting fer fram svo sem til að meta grunnástand. Ef þetta er ekki gert er ekki hægt að meta sjálfbæra nýtingu því það verður ekki gert eingöngu út frá vaxtarhraða þangs og þara.
8. Í greinargerð segir berum orðum að frumvarpsdrögin gefi ekki tilefni til að leggja mat á hvort það fari í bága við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Þetta er fullyrt án nokkurs rökstuðnings. Breiðafjarðarnefnd spyr: Hvað þá um samninginn um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamninginn og Ramsarsamninginn? Allir þessir samningar leggja almennar skuldbindingar á aðildarríki samninganna um margt sem snýr að umsýslu náttúrunnar.
9. Fullyrt er að frumvarpsdrögin snerti aðallega fyrirtæki sem afla þangs og þara, eigendur sjávarjarða, sveitarfélög og íbúa þeirra. Það má því spyrja hvort það sé skilningur þeirra sem leggja frumvarpsdrögin fram að almenn náttúruvernd, sjálfbær nýting og sjálfbær þróun komi öðrum íbúum landsins ekkert við, þ.e. ef ekki er hægt að tala um beina fjárhagslega hagsmuni.
10. Ekki er minnst á lög um mat á umhverfisáhrifum í frumvarpsdrögunum eða í greinargerð með þeim en vísað til óljósrar stjórnunar á þang og þara vinnslu í öðrum löndum. Þó sjávargróður sé ekki nefndur í lögum um mat á umhverfisáhrifum er hægst að vísa til 7.gr. laganna þar sem segir: 7. gr. *Aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar.*
☐ *[Ráðherra]¹⁾ er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í [1. viðauka]²⁾ við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í [2. viðauka]²⁾ við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Það er eðlilegt að þetta sér gert og að stuðst sé við 2. viðauka laganna hvað þetta varðar enda t.d. þari og þang í Breiðafirði að stórum hluta innan verndarsvæðis.*

Breiðafjarðarnefnd áskilur sér rétt til að koma að fleiri athugasemdum um málið á síðari stigum þess.

Hlunnindabæklingur – staða

Texti bæklingins lagður fram og ensk þýðing yfirfarin.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda textann til nefndarmanna sem gera athugasemdir og senda á TM. Lokaútgáfa tekin fyrir á næsta fundi.

Stækkun verndarsvæðis og umsókn í RAMSAR

Drög að bréfi til umhverfis- og auðlindaráðherra lagt fram þar sem hvatt er til þess að Breiðafjörður verður sett á lista Ramsarsamnings.

Afgreiðsla:

Nefndarmenn kalla eftir upplýsingum um hvað í því felst að vera á lista yfir Ramsarsvæði, hvaða þurfi að uppfylla, hvaða reglum þurfi að fylgja og hver sjái um eftirlit. Mikilvægt að svona skref sé stigið í fullu samráði við sveitarfélög og landeigendur.

Samþykkt að senda bréf til sveitarfélaga þar sem áform nefndarinnar um að kanna kosti og galla þess að setja Breiðafjarðarsvæðið á lista yfir Ramsarsvæði verði kynnt og óskað eftir athugasemdum sveitarfélaga við þau áform.

Fundurinn samþykkir að halda áfram vinnu sem miðar að stækkun svæðisins.

Önnur mál

Vettvangsferð

Afgreiðsla:

Stefnt er á vettvangsferð fyrstu dagana í ágúst, ekki síðar en 10. ágúst. ÁGJ falið að útfæra vettvangsferðina með TM sér innan handar.

Lýsing vegna deiliskipulags í Ólafsdal

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar óskar eftir umsögn nefndarinnar um lýsingu vegna deiliskipulags í Ólafsdal

Afgreiðsla:

Svæðið liggur utan verndarsvæðis Breiðafjarðar og því utan verksviðs nefndarinnar.

Lýsing vegna deilisskipulagstillögu að Laugum í Sælingsdal

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar óskar eftir umsögn nefndarinnar um lýsingu vegna deilisskipulagstillögu að Laugum í Sælingsdal

Afgreiðsla:

Svæðið liggur utan verndarsvæðis Breiðafjarðar og því utan verksviðs nefndarinnar.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:30. Næsti fundur er áætlaður 17. mars 2016.

152. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 28. apríl 2016 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Erla Friðriksdóttir (EF), Eiríkur Snæbjörnsson (ES), Agnes Stefánsdóttir (AS), Sigurður Þórólfsson (SP) og Trausti Baldursson (TB).

Guðríður Þorvarðardóttir (Gb) varaformaður forfallaðist.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 151. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Bréf frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulag fyrir Innstapoll í Flatey.

Drög að deiliskipulagi fyrir Innstapoll í Hólsbúðarvogi í Flatey kynnt.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við þessa framkvæmd með þeim fyrirvara að hægt verði að nýta það grjót sem til fellur vegna framkvæmdarinnar. Ef opna þarf grjótnámur annars staðar á verndarsvæðinu, þarf að leggja það mál sérstaklega fyrir nefndina. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að farið verði að skilmálum varðandi fornleifar sem fram koma í greinargerð deiliskipulagsins. Nefndin leggur einnig til að óskað verði eftir umsögn Minjastofnunar Íslands í ljósi þess að nú liggja fyrir nýjar upplýsingar um fornleifaskráningu í Flatey

sem kynntar voru nefndinni af fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna. Þar kemur meðal annars fram að við Innstapoll sé eina þekkta og sýnilega naustið í Flatey.

Bréf frá skipulagsfulltrúa Helgafellssveitar þar sem óskað er eftir aðstoð nefndarinnar við afgreiðslu erindis vegna áforma um uppbyggingu í Húshólma.

Gögn frá skipulags- og byggingafulltrúa Helgafellssveitar varðandi mögulega uppbyggingu á Húshólma lögð fram.

Afgreiðsla:

Nefndin vísar í vinnureglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar sem er að finna á heimasíðu nefndarinnar (<http://www.breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Vinnureglur/index.htm>).

Nefndin telur að framkomnar hugmyndir um byggingar í Húshólma samræmist almennt ekki þeim vinnureglum sem nefndin hefur sett sér varðandi byggingar í eyjum á Breiðafirði.

Regnskógar norðursins. Rannsókn- og vöktunaráætlun til að meta áhrif þörung- og þang tekju á lífríki Breiðafjarðar. Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður NSV, kynnir stöðu verkefnisins.

Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee hafa tekið saman yfirlit yfir niðurstöður rannsókna er varða þörung og þörungavinnslu á mismunandi stöðum í heiminum. Róbert gerði nefndinni grein fyrir niðurstöðum gagnaöflunarinnar. Mikilvægt er að rannsaka lífríki fjarðarins í heild sinni þegar skoðað á áhrif þörung- og þang tekju og hvort hún sé sjálfbær. Í haust mun Náttúrustofan leggja fram grunn að rannsókn- og vöktunaráætlun þar sem meðal annars kemur fram forgangsörðun verkefna. Þannig verður hægt að nýta veturinn í að afla fjármagns fyrir þær rannsóknir sem nauðsynlegt er að ráðast í.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar kynninguna og lýsir yfir ánægju með að verið sé að undirbúa heildstæða rannsókn- og vöktunaráætlun fyrir fjörðinn.

Fornleifaskráning í Flatey og skýrsludrög. Björn Samúelsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Birna Lárusdóttir og Garðar Guðmundsson frá Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna.

Guðrún Alda Gísladóttir gerði grein fyrir Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna.

Birna Lárusdóttir gerði grein fyrir skráningu félagsins á fornminjum í Flatey árið 2014 en verkefnið var styrkt af Fornminjasjóði, Breiðafjarðarnefnd og Reykhólahreppi. Skráningum er lokið og vinnsla skýrslunnar er á lokastigi. Hugmyndir eru uppi um gerð fornleifa- og göngukorts fyrir eyjuna og verða þær kynntar betur fyrir nefndinni síðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar fyrir kynninguna og lýsir ánægju með verkefnið.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:15. Næsti fundur er áætlaður 18. maí 2016.

153. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. maí 2016 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (GP) varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Agnes Stefánsdóttir (AS), Sigurður Þórólfsson (SP) og Trausti Baldursson (TB).

Eiríkur Snæbjörnsson og Erla Friðriksdóttir forfölluðust.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Fundargerð 152. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Verndaráætlun

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 lögð fram þar sem búið var að setja niður verkefni fyrir hvern lið í áætluninni, nokkurs konar drög að framkvæmdaáætlun.

Afgreiðsla:

Nefndin fór yfir verndaráætlunina og lagði til verkefni sem uppfyllt gætu markmið áætlunarinnar. Lagt til að nefndarmenn komi með tillögur að verkefnum sem ráðast skal í á þessu ári fyrir næsta fund.

Starfsskýrsla 2015

Drög að starfsskýrslu 2015 lögð fram.

Afgreiðsla:

Starfsskýrslan yfirfarin og nokkrum atriðum bætt við. Samþykkt að ljúka lausum endum á næstu dögum og senda skýrsluna á nefndina til yfirlæsturs. Skýrslan verður borin upp á næsta fundi nefndarinnar til samþykktar og afhent ráðherra að því loknu.

Fjármál nefndarinnar

Yfirlit yfir fjármál nefndarinnar það sem af er árinu 2016 lagt fram.

Afgreiðsla:

Ljóst er að nefndin hefur yfir að ráða nokkrum fjármunum til verkefna á verndaráætlun. Nefndarmenn sendi inn tillögur að verkefnum fyrir næsta fund.

Ramsar. Viðbrögð við bréfi sem sent var til sveitarfélaga. Næstu skref.

Umsagnir hafa borist frá Reykhólahrepp, Dalabyggð og Vesturbyggð og voru þær lagðar fram á fundinum.

Afgreiðsla:

Óska eftir umsögnum frá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa skilað, þ.e. Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit.

Önnur mál

Erindi frá Róbert Róbertssyni framkvæmdastjóra Kyrrðarinnar ehf. vegna kúluhúss í eyju á Breiðafirði

Erindi langt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin vísar í vinnureglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar sem er að finna á heimasíðu nefndarinnar (<http://www.breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Vinnureglur/index.htm>).

Nefndin telur að framkomnar hugmyndir um byggingar samræmist almennt ekki þeim vinnureglum sem nefndin hefur sett sér varðandi byggingar í eyjum á Breiðafirði.

Vettvangsferð

Stefnt að því að fara í vettvangsferð föstudaginn 5. ágúst. Lagt er til að farið verði í rútuferð út með Snæfellsnesi norðanverðu. Þá verður meðal annars hægt að hafa í huga mögulega stækkun svæðisins.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:00. Næsti fundur er áætlaður í Garðabæ 8. júní 2016.

154. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 8. júní 2016 í Garðabæ

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (GP) varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Trausti Baldursson (TB), Eiríkur Snæbjörnsson (ES) og Erla Friðriksdóttir.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:00.

Fundargerð 153. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Hlunnindabæklingur

Yfirfarinn texti lagður fram.

Afgreiðsla:

Fundarmenn lögðu til nokkrar breytingar á innihaldi textans. Samþykkt að óska eftir aðstoð Eypórs Benediktssonar til þess að fara yfir textann og gera þær breytingar sem þurfa þykir á málfari. Samþykkt að fá Shelagh Smith til þess að þýða textann yfir á ensku.

Starfsskýrsla 2015

Starfsskýrsla 2015 lögð fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt án athugasemda.

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulagstillögu við Tröllenda í Flatey

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að deiliskipulagstillaga sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Nefndin gerir engar athugasemdir við tillöguna en ítrekar fyrri ábendingu, frá 4. nóvember 2015, um að samráð sé haft við Minjastofnun Íslands.

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna lagningu ljósleiðarasæstrengs í Álftafirði

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við verkið.

RARIK óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna lagningu háspennujarðstrengs í Álftafirði

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við verkið en mælist til góðrar umgengni og að jarðraski verði haldið í algjöru lágmarki.

Tillaga frá Náttúrustofu Vesturlands um eflingu verndar Breiðafjarðar

Erindið kynnt fyrir nefndinni.

Afgreiðsla:

Nokkur umræða skapaðist um tillöguna. Málinu frestað þar til nefndin er fullsetin.

Vettvangsferð

Hugmyndir um vettvangsferð þann 5. ágúst kynntar. Áætlað er að fara í rútuferð frá Stykkishólmi með norðanverðu Snæfellsnesi út á Öndverðanes. Ferðin yrði farin með stækkun svæðisins í huga.

Afgreiðsla:

HS, GÞ og TM sjá um frekari skipulagningu. Áætlað að stoppa við Hraunsfjörð, Kolgrafafjörð, í Grundarfirði og Snæfellsbæ.

Verkefni þessa árs

Óskað eftir tillögum nefndarmanna að verkefnum sem nefndin ætti að ráðast í á árinu.

Afgreiðsla:

Nokkur verkefni listuð upp og stefnt að því að taka ákvörðun á næsta fundi nefndarinnar.

Önnur mál

Ramsar

Farið yfir svar Sturlu Böðvarssonar bæjarstjóra Stykkishólms til Breiðafjarðarnefndar þar sem óskað er eftir rökstuðningi nefndarinnar fyrir áformum sínum um að leggja til að Breiðafjörður verði tilnefndur á lista Ramsar.

Afgreiðsla:

Nefndin vísar í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 sem send var sveitarfélögunum árið 2015. Auk þess bendir nefndin á grein Trausta Baldurssonar um Ramsar sem birtist í tímaritinu Breiðfirðingi 2016.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 12:00. Að loknum fundi héldu Halla Steinólfsdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir og Arnheiður Jónsdóttir á fund umhverfis- og auðlindaráðherra.

155. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 5. ágúst 2016 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Trausti Baldursson, Erla Friðriksdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson (varamaður) og Róbert Arnar Stefánsson (varamaður).

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 19:15.

Fundargerð 154. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Hlunnindabæklingur

Eypór Benediktsson hefur prófarkarlesið textann. Hann hefur verið sendur til Shelagh Smith til þýðingar yfir á ensku.

Afgreiðsla: Málið verður unnið áfram í gegnum tölvupóst.

Bæjarstjóri Grundarfjarðar óskar eftir umsögn vegna verkefnalýsingar endurskoðunar aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar.

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir ekki athugasemdir að svo stöddu.

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar óskar eftir umsögn vegna verkefnalýsingar á svæðisskipulagsverkefni sveitarfélaganna.

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir ekki athugasemdir að svo stöddu.

Umhverfisstofnun sendir til kynningar drög að stjórnunar- og verndaráætlun Flateyjar, endurskoðun á auglýsingu og tillögu að stækkun friðlandsins.

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Erindi frestað og mun verða afgreitt í tölvupósti.

Orkufjarskipti óska eftir samþykki Breiðafjarðarnefndar vegna þverunar Álftafjarðar með ljósleiðarastreng.

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd er ekki leyfisveitandi fyrir framkvæmdum sem þessari heldur umsagnaraðili. Á fundi nefndarinnar þann 8. júní síðastliðinn var fjallað um erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir umsögn nefndarinnar vegna lagningar ljósleiðarasæstrengs í Álftafirði. Nefndin gerði ekki athugasemdir við verkið.

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar óskar eftir umsögn við skipulagslýsingu verkáætlunar skipulagsáætlunar við Brjánslæk.

Erindið lagt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin gerir ekki athugasemdir að svo stöddu.

Vettvangsferð

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar var farin föstudaginn 5. ágúst 2016. Að þessu sinni var ferðin farin um norðanvert Snæfellsnes, meðal annars með stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar í huga. Tíminn var nýttur til þess að funda með fulltrúum sveitarstjórna á svæðinu, framkvæmdastjóra Svæðisgarðs Snæfellsness og heimsókn í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Á fundi nefndarinnar með fulltrúum Grundarfjarðar ræddu heimamenn aukna ásókn í þörungatekju á firðinum og lögðu áherslu á að áður en hafist verði handa þurfi að rannsaka hugsanleg áhrif á lífríki fjarðarins. Það verði að gæta þess að áhrif á bú- og fæðusvæði verði ekki neikvæð. Þá er meðal annars verið að tala um svæði sem nytjafiskar lifa á. Nokkur umræða skapaðist um það hvort Breiðafjarðarnefnd gæti komið að rannsóknum á Breiðafirði vegna fyrirhugaðrar þörungatekju, en að mati heimamanna vantar verulega á upplýsingar um lífríkið. Bent var á að töluverður munur er á því að plægja eða slá auk þess sem það skiptir máli hversu hratt þangið nær að endurnýja sig.

Heimamenn hafa sýnt áhuga á verndun fjarðarins m.a. með svokallaðri netalínu vegna veiða á firðinum. Menn eru almennt sáttir við stækkun verndarsvæðisins og tilnefningu á Ramsarlista ef samfara fer sjálfbær nýting á því sem fjörðurinn hefur upp á að bjóða. Ákveðið var að senda ítarlegri upplýsingar um það hvað felst í því að tilnefna svæðið sem Ramsarsvæði.

Næst var fundað með fulltrúum Snæfellsbæjar. Heimamenn ræddu sem fyrr fyrirhugaða þang- og þaratekju á Breiðafirði og hugsanleg áhrif á vistkerfi fjarðarins. Þrátt fyrir áhuga á nýtingu þess sem fjörðurinn hefur uppá að bjóða hafa menn verulegar áhyggjur af meiri þangskurði.

Við Breiðafjörð eru nokkur rannsóknasetur og leggja heimamenn til að samstarf við þau verði aukið þá helst með tilliti til eins konar gagnabanka þar sem allar upplýsingar um rannsóknir verði aðgengilegar á einum stað.

Heimamenn hafa áhuga á stækkun verndarsvæðisins og einnig tilnefningu svæðisins til Ramsar. Þeir óska þó eftir nánari upplýsingum um það hvað felst í því að gera svæðið að Ramsarsvæði. Bent var á nokkur áhersluverkefni samningsins og að tækifæri fælist í því að vera á skrá Ramsar, þá var helst rætt um þann gæðastimpil sem því fylgir. Samþykkt var að senda sveitarfélaginu viðbótarupplýsingar, t.d. grein um Ramsarsamninginn sem nýlega var birt í tímaritinu Breiðfirðingi.

Rætt var um það hvort mörk svæðisins ættu að vera þau sömu og þar sem þéttbýlið er eða draga línu aðeins utar. Það gæti ef til vill auðveldað alla umfjöllun og afgreiðslur t.d. varðandi stækkun á bryggju og/eða efnistöku á hafsbotni innan hafnarsvæðisins.

Vindmillur hafa verið til skoðunar hjá Snæfellsbæ, en sveitarfélagið hefur áhuga á að vera sjálfbært hvað orku varðar. Horft er á svæðið rétt austan Þjóðgarðsmarka, það er við íshúsið. Gert er ráð fyrir að vindmyllurnar verði 30-80 m háar.

Að loknum fundarhöldum í Snæfellsbæ hélt nefndin í gestastofu Þjóðgarðsins að Malarriði. Því næst var snúið til baka í Stykkishólmi.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 20:00.

156. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. nóvember 2016 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Sigurður Þórólfsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús Á. Sigurðsson og Erla Friðriksdóttir.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 155. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Deiliskipulag áningarstaðar við Kolgrafafjörð, ósk um umsögn við lýsingu skipulagsverkefnis.

Ósk um umsögn nefndarinnar við deiliskipulagstillögu.

Afgreiðsla: Nefndin gerir ekki athugasemdir.

Deiliskipulagstillaga, Ólafsdalur í Dalabyggð.

Óskað eftir umsögn við tillögu að deiliskipulagi í Ólafsdal.

Afgreiðsla: Nefndin gerir ekki athugasemdir þar sem umráðasvæði Breiðafjarðarnefndar nær einungis upp í fjöru.

Fyrirspurn frá Sif Matthíasdóttur í Helgafellssveit.

Sif óskar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi þverum Álfafjarðar af nefndarinnar hálfu og hvernig þörungaverksmiðja sem fyrirhuguð er í Stykkishólmi samræmist þeim áformum að leggja til að svæðið verði tilnefnt sem Ramsar svæði.

Afgreiðsla:

Málefni um þverum Álfafjarðar hafa ekki borist inn á borð nefndarinnar nema hvað varðar þverun fjarðarins með ljósleiðarastreng.

Breiðafjarðarnefnd sendi frá sér ályktun á fundi sínum þann 28. júlí 2015 varðandi fyrirhugaða aukningu í þang- og þaratekju á Breiðafirði. Þar segir:

Breiðafjarðarnefnd telur að ekki sé til nægilega mikið af rannsóknum sem hægt er að byggja umsögnina á. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um það hvað fjörðurinn getur gefið af sér án þess að það hafi áhrif á lífríkið. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum þar sem um er að ræða viðbót við það sem þegar er verið að nýta. Breiðafjarðarnefnd hefur upplýsingar um aukinn áhuga á nýtingu úr firðinum og leggur því áherslu á að mikilvægt sé að hefja ítarlegar rannsóknir á lífríkinu sem fyrst.

Hlunnindabæklingur

Íslenskur og enskur texti lagður fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt að senda textann í uppsetningu og prentun.

Heimasíða

Staða vinnu með heimasíðuna kynnt.

Afgreiðsla:

Stefnt að því að ljúka sem fyrst við að uppfæra heimasíðuna á nýtt format.

Önnur mál

Ályktun Æðarræktarfélags Íslands

Ályktun frá aðalfundi Æðarræktarfélags Íslands um öflun sjávargróðurs í atvinnskyni lögð fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd tekur undir áhyggjur Æðarræktarfélags Íslands og ítrekar fyrri ályktanir sínar um þörunganytjar á Breiðafirði, sem fylgja hér að neðan:

28. júlí á Reykhólum 2015

Nýtingarleyfi Félagsbúsins Miðhraun sf. vegna öflunar á þangi og þara
Orkustofnun óskar eftir umsögn Breiðarfjarðarnefndar varðandi umsókn Félagsbúsins Miðhrauni sf. fyrir nýtingarleyfi til öflunar á 6000 tonnum af þangi og þara, utan netlaga, úr Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að ekki sé til nægilega mikið af rannsóknum sem hægt er að byggja umsögnina á. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um það hvað fjörðurinn getur gefið af sér án þess að það hafi áhrif á lífríkið. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum þar sem um er að ræða viðbót við það sem þegar er verið að nýta. Breiðarfjarðarnefnd hefur upplýsingar um aukinn áhuga á nýtingu úr firðinum og leggur því áherslu á að mikilvægt sé að hefja ítarlegar rannsóknir á lífríkinu sem fyrst.

27. október 2015

Aukin umsvif þang- og þaratekju á Breiðafirði

Framlagt bréf frá Reykhólahreppi, dags. 14. september 2015, vegna aukinna umsvifa í þang- og þaratekju á Breiðafirði.

Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir áhyggjum af aukinni nýtingu á þangi og þara á Breiðafirði án þess að rannsóknir um áhrif á lífríki fjarðarins fari fram og hugað verði að umhverfisáhrifum.

Tillaga frá Náttúrustofu Vesturlands um eflingu verndar Breiðafjarðar

Á fundi Breiðafjarðarnefndar þann 8. júní 2016 var kynnt minnisblað dagsett 6.6.2016 um starfsemi verndarsvæðis Breiðafjarðar þar sem er lögð áhersla á að ráðinn verði framkvæmdastjóri fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd tekur undir mikilvægi þess að ráðinn verði starfsmaður í 100% stöðu við verndarsvæði Breiðafjarðar. Verndarsvæði Breiðafjarðar var stofnað með lögum nr. 54/1995 og hefur starfsemin samkvæmt samningi verið vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands. Þrjú önnur vundarsvæði hafa verið friðuð með sérstökum lögum líkt og Breiðafjörður. Það eru Þingvallapjóðgarður, verndarsvæði Mývatns og Laxár og Vatnajökulsþjóðgarður. Þar eru starfsmenn í heilsársstöðum og aukið er við mannafla yfir sumarmánuðina. Mikilvægi þess að hafa starfsmenn á verndarsvæðum er óumdeilt sérstaklega með aukinni umferð ferðamanna.

Nefndin leggur til við ráðherra að hann beiti sér fyrir því að fjárveiting til Breiðafjarðarnefndar verði aukin svo hægt sé að ráða starfsmann og framfylgja verkefnum í verndaráætlun.

Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness – beiðni um umsögn.

Frummatsskýrsla um Vestfjarðaveg (60) milli Bjarkalundar og Skálaness, Reykhólahreppi lögð fram. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Breiðafjarðarnefnd gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar við Vestfjarðaveg.

Afgreiðsla:

Sem fyrr tekur umsögn Breiðafjarðarnefndar fyrst og fremst til þess hluta framkvæmdar sem er á starfssviði nefndarinnar, og varðar þær veglínur sem fara um fjörusvæði, sker og hólma og þvera firði. Framkvæmdir á landi sem eru ofan fjörukambs, þ.m.t. vegagerð, eru ekki á starfssviði nefndarinnar. Byggir þetta á skilgreiningu 2. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, sbr. 10. gr. laga nr. 106/2000 og 22. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar þá áherslu sem nefndin hefur lagt á að við þverun fjarða sé brýnt að ávallt sé gert ráð fyrir því að sem næst full vatnsskipti verði tryggð í tíma og rúmi, þannig að leirur og fjörur innan þverana verði ekki fyrir teljandi áhrifum af vegagerðinni.

Formaður þakkaði samstarf við nefndarmenn síðastliðin fjögur ár. Fundi slitið kl. 14:00.

Að fundi loknum heimsótti Breiðafjarðarnefnd Æðarsetur Íslands og þakkar hún kærlega góðar móttökur.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2016

Innsend erindi 2016

4. mars 2016. Bæjarráð Snæfellsbæjar.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

8. mars 2016. Bæjarstjóri Vesturbyggðar.

Efni: Stofnun svæðisskipulagsnefndar fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

15. mars 2016. Ingibjörg B. Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

30. mars 2016. Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingafulltrúi Reykhólahrepps.

Efni: Deiliskipulag fyrir Innstapoll í Flatey.

12. apríl 2016. Bæjarráð Vesturbyggðar.

Efni: Hugmyndir um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar – svar við erindi nefndarinnar.

20. apríl 2016. Jökull Helgason, skipulags- og byggingafulltrúi Helgafellssveitar.

Efni: Reglur um byggingaframkvæmdir í Húshólma.

20. apríl 2016. Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar.

Efni: Hugmyndir um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar – svar við erindi nefndarinnar.

19. maí 2016. Ingibjörg B. Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps.

Efni: Hugmyndir um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar – svar við erindi nefndarinnar.

25. maí 2016. Valur Klemensson, Skipulagsstofnun.

Efni: Lagning ljósleiðarasæstrengs í Álftafirði, Snæfellsbæ – beiðni um umsögn.

25. maí 2016. Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar.

Efni: Hugmyndir um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar – svar við erindi nefndarinnar.

6. júní 2016. Náttúrustofa Vesturlands.

Efni: Efling verndar Breiðafjarðar – minnisblað.

7. júní 2016. Matthildur Kr. Elmarsdóttir verkefnisstjóri svæðisskipulagsnefndar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

Efni: Ósk um umsögn um lýsingu á svæðisskipulagsverkefni Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

20. júní 2016. Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar.

Efni: Lýsing á skipulagsverkefni – endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar.

5. júlí 2016. Benedikt Haraldsson, Orkufjarskipti.

Efni: Lögn ljósleiðara sæstreng frá tengistað Orkufjarskipta við Álftafjörð, yfir Álftafjörðinn að tengistað í landi Hrísa á Snæfellsnesi.

29. júlí 2016. Hákon Ásgeirsson, sérfræðingur Umhverfisstofnunar.

Efni: Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Flatey.

15. ágúst 2016. Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.

Efni: Ósk um umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulagstillögu við Brjánslæk.

24. október 2016. Sigmar Arnar Steingrímsson, Skipulagsstofnun.

Efni: Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness – beiðni um umsögn.

8. nóvember 2016. Skipulags- og byggingafulltrúi Dalabyggðar.

Efni: Deiliskipulagstillaga, Ólafsdalur í Dalabyggð.

9. nóvember 2016. Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar.

Efni: Deiliskipulag áningarstaðar við Kolgrafafjörð, ósk um umsögn við lýsingu skipulagsverkefnis.

Útsend erindi 2016

12. janúar 2016. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun vegna nefndarsetu.

15. febrúar 2016. Dalabyggð, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

15. febrúar 2016. Grundarfjarðarbær, b.t. bæjarstjóra.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

15. febrúar 2016. Helgafellssveit, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

15. febrúar 2016. Reykhólahreppur, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

15. febrúar 2016. Snæfellsbær, b.t. bæjarstjóra.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

15. febrúar 2016. Stykkishólmsbær, b.t. bæjarstjóra.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

15. febrúar 2016. Vesturbyggð, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar.

1. mars 2016. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, b.t. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Efni: Vegna áforma um aukna þörungatekju úr Breiðafirði.

1. mars 2016. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, b.t. umhverfis- og auðlindaráðherra.

Efni: Vegna áforma um aukna þörungatekju úr Breiðafirði.

1. mars 2016. Bogi Kristinsson Magnusen. Skipulags- og byggingafulltrúi Dalabyggðar.

Efni: Umsögn vegna lýsingar á deiliskipulagstillögu að Laugum í Sælingsdal.

1. mars 2016. Bogi Kristinsson Magnusen. Skipulags- og byggingafulltrúi Dalabyggðar.

Efni: Umsögn um lýsingu vegna deiliskipulags Ólafsdals.

1. mars 2016. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

1. apríl 2016. Dalabyggð, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar.

1. apríl 2016. Grundarfjarðarbær, b.t. bæjarstjóra.

Efni: Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar.

1. apríl 2016. Helgafellssveit, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar.

1. apríl 2016. Reykhólahreppur, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar.

1. apríl 2016. Snæfellsbær, b.t. bæjarstjóra.

Efni: Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar.

1. apríl 2016. Stykkishólmsbær, b.t. bæjarstjóra.

Efni: Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar.

1. apríl 2016. Vesturbyggð, b.t. sveitarstjóra.

Efni: Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsar.

19. apríl 2016. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

29. apríl 2016. Bogi Kristinsson Magnusen. Skipulags- og byggingafulltrúi Reykhólahrepps.

Efni: Deiliskipulag fyrir Innstapoll í Flatey.

29. apríl 2016. Jökull Helgason, skipulags- og byggingafulltrúi Helgafellssveitar.

Efni: Ósk um aðstoð nefndarinnar við afgreiðslu erindis vegna áforma um uppbyggingu í Húshólma.

26. maí 2016. Róbert S. Róbertsson, Kyrrðin ehf.

Efni: Ósk um afstöðu Breiðafjarðarnefndar vegna uppsetningu kúluhúss á eyju á Breiðafirði.

13. júní 2016. Valur Klemensson, Skipulagsstofnun.

Efni: Lagning ljósleiðarasæstrengs í Álftafirði – beiðni um umsögn.

13. júní 2016. Björn Sverrisson, Rarik.

Efni: Þverun Álftafjarðar, Snæfellsnesi.

15. ágúst 2016. Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri Grundarfjarðar.

Efni: Lýsing á skipulagsverkefni – endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar.

15. ágúst 2016. Benedikt Haraldsson, Orkufjarskipti.

Efni: Lögn ljósleiðarasæstrengs frá tengistað Orkufjarskipta við Álftafjörð, yfir Álftafjörð að tengistað í landi Hrísa á Snæfellsnesi.

15. ágúst 2016. *Matthildur Kr. Elmarsdóttir f.h. svæðisskipulagsnefndar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.*

Efni: Lýsing á svæðisskipulagsverkefni Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.

15. ágúst 2016. *Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.*

Efni: Umsögn við skipulagslýsingu verkáætlunar skipulagsáætlunar við Brjánslæk.

21. nóvember 2016. *Skipulagsstofnun.*

Efni: Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness – beiðni um umsögn.

21. nóvember 2016. *Skipulagsstofnun.*

Efni: Vestfjarðavegur milli Bjarkarlundar og Skálaness – beiðni um umsögn.

22. nóvember 2016. *Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar.*

Efni: Deiliskipulag áningarstaðar við Kolgráfajörð – ósk um umsögn við lýsingu skipulagsverkefnis.

22. nóvember 2016. *Skipulags- og byggingafulltrúi Dalabyggðar.*

Efni: Deiliskipulagstillaga – Ólafsdalur, Dalabyggð.

VIÐAUKI – III

Skýrslur og bæklingar

Breiðafjarðarnefnd eða einstakir nefndarmenn hafa gefið út eða óskað eftir að eftirfarandi skýrslur og bæklingar verði unnar vegna verndar Breiðafjarðar:

1995. Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson. Breiðafjörður West Iceland A Marine Conservation Area, WWF Arctic Bulletin, 3, 20 bls.

1998. Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir, J. Pagnan & Sigmundur Einarsson

1998. Breiðafjörður: West-Iceland. An Arctic marine protected area. Parks 8(2): 23-28.

1999. Guðríður Þorvarðardóttir. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Breiðafjarðarnefnd, 92 bls.

2004. Benedikt Eypórsson tók saman. Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2004. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2005. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2006. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Fuglalíf á Breiðafirði”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2007. Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir. Örnefni í sjó á Breiðafirði. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd, 25 bls.

2007. Ritstj. Róbert Arnar Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12. – 13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd, 22 bls.

2009. Ritstj. Magnús A. Sigurðsson, Ragnar Edvardsson og Svavar Sigmundsson. Menningarminjar á Breiðafirði – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 17. – 18. apríl 2009. Breiðafjarðarnefnd, 17 bls.

2014. Breiðafjarðarnefnd. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, 97 bls.

2016. Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna. Fornleifar í Flatey: aðalskráning, 213 bls.

Ofangreindar skýrslur og bæklinga er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.